

REGLUR
um gæðaráð Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Hlutverk og verkefni gæðaráðs

Gæðaráð er fastanefnd háskólaráðs og [eru reglur þessar um starfsemi gæðaráðs settar með vísan í 6. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022.]² Gæðaráð ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. [Rektor ber endanlega ábyrgð á gæðakerfi háskólans en dagleg umsjón með rekstri þess er í höndum gæðastjóra sem jafnframt er í forsvari.]¹ Rektor gefur út starfslýsingu fyrir gæðastjóra.

- 1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 17. sept. 2015.
- 2) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 18. ágúst 2022.

2. gr.

Skipan gæðaráðs

[Í gæðaráði sitja gæðastjóri í forsæti, tveir fulltrúar hvors fræðasviðs, tveir fulltrúar stjórnsýslu og stoðþjónustu tilnefndir af rektor]³ auk tveggja fulltrúa nemenda sem [Stúdentafélag Háskólans á Akureyri]² tilnefnir. Einnig skal tilnefna varafulltrúa nemenda og starfsmanna og sitja tilnefndir fulltrúar í tvö ár í gæðaráðinu.

[Gæðaráð skiptir með sér verkum.]¹ [Verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála er ritari og starfsmaður gæðaráðs og situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.]⁴

- 1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 15. október 2015.
- 2) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 25. júní 2020.
- 3) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 18. ágúst 2022.
- 4) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 18. ágúst 2022.

3. gr.

Starfshættir og viðfangsefni gæðaráðs

Gæðaráðið skal kallað saman að jafnaði einu sinni í mánuði. Viðfangsefni gæðaráðs eru:

- a) að tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans
- b) að vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans
- c) að vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál háskólans
- d) að stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati innan háskólans
- e) að samþykkja, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum
- f) að vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og starfa með vísindaráði hans að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri
- g) að safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum
- h) að taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans
- i) að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni

4. gr.
Almenn ákvæði

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt [6. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022]¹ og öðlast þegar gildi.

- 1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 18. ágúst 2022.

Háskólanum á Akureyri, 9. mars 2011

Breytingar samþykktar í háskólaráði 17. september 2015.
Breytingar samþykktar í háskólaráði 15. október 2015.
Breytingar samþykktar í háskólaráði 25. júní 2020.
Breytingar samþykktar í háskólaráði 18. ágúst 2022.